

**Nd.**

**464. Frumvarp til laga**

um frestun á framkvæmd laga nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Lagt fyrir Alþingi 1940.)

1. gr.

Frestað skal, þar til öðruvísi verður ákveðið, framkvæmd laga nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkisstjórnin telur brýna nauðsyn bera til lagasetningar þeirrar, er í frumvarpi þessu felst, vegna ástands þess, er nú ríkir í alþjóðamálum, og vegna hlutleysisafstöðu Íslands. Er það og í samræmi við það, er margar hlutlausar þjóðir hafa þegar gert fyrir löngu.